

Tillaga til þingsályktunar

um skráningarskyldu skipa.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að semja reglur og leggja fyrir Alþingi að breyta lögum ef nauðsyn krefur í þá veru að skráningarskyld verði sérhvert skip sem notað er í atvinnuskyni, svo og önnur skip sem eru lengri en átta metrar að skráningarlengd.

Ráðherra setji reglur um skip sem eru undir átta metrum að stærð og kunna að vera notuð tímabundið í atvinnuskyni.

Greinargerð.

Eðlilegt verður að telja að öll skip sem haldið er úti í atvinnuskyni séu skráningar- og eftirlitsskyld, óháð stærð þeirra. Á slík skip er líklegt að ráðnir séu til starfa launþegar (fiskimenn), aðrir en eigendur. Hins vegar er einnig sjálfsagt að skilgreina í reglugerð, enda sé slíkrar heimildar aflað í lögum, hvað sé tímabundin atvinnustarfsemi þeirra manna sem róa fáa daga eða vikur á ári, t.d. við sérveidar á ákveðnum svæðum eða til tímabundinnar tekjuöflunar við sjávarnytjar eða leiðsögu. Líklegt má telja að á næstu árum fjölgi bátum allt að átta metrum að stærð í flokkum skemmti- og tómsundabáta. Þessi þróun mun verða samhliða því að eldri bátar sem nú eru notaðir í atvinnuskyni verða seldir þegar atvinnumenn endurnýja fiskibáta sína. Telja verður eðlilegt að mæta þessari þróun sem óhjákvæmilega verður með því að setja nýjar viðmiðanir í lög og reglur um báta sem ekki eru að jafnaði notaðir í atvinnuskyni.

Prentað upp.